

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 91/2001

frá 13. júlí 2001

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/1999 frá 24. september 1999⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/71/EB frá 7. nóvember 2000 um að laga mæliaðferðirnar, sem mælt er fyrir um í I., II., III. og IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB, að tækniframförum eins og kveðið er á um í 10. gr. þeirrar tilskipunar⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 6a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB) í XVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32000 L 0071:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/71/EB frá 7. nóvember 2000 (Stjtið. EB L 287, 14.11.2000, bls. 46).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 325, 21.12.2000, bls. 11 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 21.12.2000, bls. 212.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 287, 14.11.2000, bls. 46.

2. gr.

Texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/71/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 14. júlí 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 13. júlí 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

E. Bull

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.